

Þingeyjarsveit
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík, 28. október 2022
UST202209-303/B.S.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar - Jarðstrengur við Þeistareyki að Kópaskerslínu. Umsögn

Vísað er til erindis Þingeyjarsveitar dags. 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Umhverfisstofnun gaf umsögn um áætlanir þar sem gert var ráð fyrir að reisa ný stálmöstur á þeim köflum sem álagið er mest og bilanir hafa orðið. Reynslan af lagningu Þeistareykjarlínu 1 og nú Kröflulínu 3 sýna að unnt er að byggja háspennulínur sem slíkar á hrauni þannig að ummerki verða frekar lítil og er það sérstaklega vegna vinnubragða sem felast í því að bora niður stagfestur í stað þess að grafa niður stagplötur. Við þær aðstæður sem eru á umræddu svæði er enginn vafi að mati Umhverfisstofnunar að loftlínu er hægt að byggja þarna þannig að rask á hrauni verði lítið og hverfandi miðað við jarðstreng.

Nú hefur framkvæmdinni verið breytt þannig að lagður verður jarðstrengur í stað nýrrar línu. Við frekari vinnslu tillögunnar á að gera grein fyrir hvort unnt sé að leggja strenginn þannig að rask á hrauni verði sem minnst og hvort framkvæmdin þoli að strengleiðin verði lengd til að forðast rask á hrauni.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur